

gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 30 dögum.

Mánudaginn 15. marz 1971.

Nr. 28/1971. Sjúkrasamlag Reykjavíkur
gegn
Rannsóknardeild ríkisskattstjóra.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Um upplýsingaskyldu samkvæmt skattalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1971. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýknaður af kröfum varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 25. febrúar 1971, en greinargerð varnaraðilja hinn 5. marz 1971. Kært var innan lögmæltis frests.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1971.

Ár 1971, mánudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara kveðinn upp úrskurður í málinu: Rannsóknardeild ríkisskattstjóra gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m.

Í máli þessu, sem lagt er fyrir sakadóm samkvæmt 3. ml. 50. gr. laga nr. 90/1965, hefur sóknaraðili, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, krafizt þess, að varnaraðili, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, verði með dómsúrskurði skyldaður til þess að veita sóknaraðilja aðgang að og eftir atvikum láta honum í té reikninga frá lyfjabúðum ásamt lyfseðlum þeim, sem fylgja reikningunum.

Kröfu þessa skýrir sóknaraðili á þessa leið:

Á lyfseðlum kemur fram heildarverð lyfja og það, hve mikinn hluta sjúkrasamlag greiðir. Eftir lyfseðlum er skrifaður út heildarreikningur, yfirleitt með textanum: „Lyf samkv. meðf. lyfseðlum“ og síðan samtala á hluta sjúkrasamlags samkvæmt þeim lyfseðlum, sem fylgja reikningunum. Lyfseðlarnir eru þannig notaðir sem nótur með reikningi. Reikningurinn ber einn út af fyrir sig einungis með sér þann hluta lyfjaverðsins, sem samlagið greiðir, en ekki heildarverð það, sem lyfjabúðin hefur fengið fyrir lyfin. Til þess að sannreyna það, er nauðsynlegt að kanna lyfseðlana.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið lýst yfir því, að auðsótt sé, að sóknaraðili fái að kanna reikningana, en um lyfseðlana sé það að segja, að þeir innihaldi upplýsingar, sem um kunnni að gilda reglur um læknaleynd, og því sé ekki augljóst um heimild samlagsins til þess að afhenda þá öðrum en sjúklingi eða lækni. Er þess óskað af hálfu varnaraðilja, að dómur úrskurði um skyldu samlagsins í þessu efni, áður en sóknaraðilja verði látin gögn þessi í té.

Samkvæmt 1. og 4. ml. 36. gr. laga nr. 90/1965 er ýmsum aðiljum, m. a. embættismönnum, skylt að veita skattayfirvöldum aðgang að gögnum og láta þeim í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þeir beiðast. Er ljóst, að ákvæði þetta á við um varnaraðilja, og einnig hefur verið sýnt fram á, að sóknaraðilja er nauðsyn á þeim gögnum, sem hann fer fram á. Engin

ákvæði um þagnarskyldu eru því til fyrirstöðu, að varnaraðili megi verða við kröfum sóknaraðilja. Ber því að skylda varnaraðilja til þess að veita aðgang að og láta í té þau gögn, sem sóknaraðili hefur krafizt.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja, Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, er skylt að veita sóknaraðilja, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, aðgang að lyfseðlum, er fylgja reikningum lyfjabúa til samlagsins, og eftir atvikum láta sóknaraðilja gögn þessi í té.

Þriðjudaginn 16. marz 1971.

Nr. 17/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
 gegn
Laxárvirkjun og
Magnúsi Thoroddsen setudómara.

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómurarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun. Lagt fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 5. febrúar 1971, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr höndum beggja varnaraðilja óskipt.

Varnaraðili Laxárvirkjun krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.